



## Jón Sveinsson

Bjarni Benediktsson Jón Sveinsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefnarfj. 12. maí, 1942.

Kæri borgarstj. & skólabr.,

eins og ég veit að ég þarf ekki að rifja upp fyrir Þér var ég beittur hinu hróplega ranglæti af Hermanni Jónassyni í fyrra vegna þess, að ég var sjálfstæðismáður. Hefði ég verið framsóknarmaður eða sócialisti hefði mér vitanlega verið veitt það embætti, sem mér bar. Þegar Ólafur Thórs talaði síðast við mig um veitinguna, og hún var ákveðin, sagði henn, að vitanlega stæði flokkurinn við mig í skuld, sem yrði goldin með því, að veita mér eitthvað það starf, sem ég vildi vinna og flokkurinn hefði ráð á. Henn bað mig þá að hugsa mér eitthvað, sem henn hefði vald é að veita, en ég vildi sjá betur hvað fram undan væri og fór ekki fram á neitt að sinni.


Síðan Frjálslyndi söfnuðurinn var estofnaður hefi ég haft það í huga, að sækja um eitthvað það starf, sem ég gæti unnið samhliða því að Þjóna söfnuði mínum í Rvík, sem ég geti vitanlega ekki gert mér vonir um að geta lifað að að öllu leytt í náinni framtíð. Ég hlýt að telja flokkinn - ekki sízt vegna skýleusra loforða Ó. Thórs- fremur skuldbundinn mér fyrir það, að ég gaf sjálfstæðismönnum tækifæri til, að sýna það, að Þeir þurftu ekki að beygja sig fyrir einræði Framsóknar í því, sem margar Þeirra skipti mjög miklu máli.

Nú er mér sgat, so laust muni vera bókaverðarstarfið við Bæjarrbókasafn Reykjavíkur, sem sjálfstæðismenn veita so sjélfsögdu. Einmitt þess konar starf væri mér hentugt so vinna samhliða safn-ðarstarfi mínu, og ég hlýt so telja, so það starf ætti ég so geta unnið sómasamlega, einkum Þær sem ég er sammilega so mér um bókmennitir og hefi frá fornu og nýju nokkra Pekking á Þeim. Á þessu starfi mundi mér leika hugur, ef svo reyndist, so kjör um vinnutíma og annan so væri aðgengileg fyrir mig.

Þér er eðlilega ekki kunnugt um það, so hér í Hafnarfirði hefi ég setið um tíu ára skeið so litlu embætti og unnið so kennslu samhliða til þess so geta lifað, en frá hvers konar kennslu við skólanum, sem ég hefi sótt, hefir mér verið baigt vegna þess, so ég hefi aldrei haft skap til þess so dylja minar pólitísku skoðanir, Petta var Ólafi Thórs kunnugt um og enn fremur er honum kunnast, hvað fadir minn hefir á sig lagt fyrir flokkinn, og hve mjög henn hefir skadað peningalega á því um mörg liðin ár, Petta taldi henn skyldugt so taka til greina, þegar unnt væri so bæta. Þeim mónum upp afhroð, sem þeir hafa goldið fyrir hollustu við flokkinn.

Ég veit, so þú hefir svo mikil so gera nú og enda tími minn naumur þessa dagana, svo so þess vegna taldi ég okkur báðum hentara so ég léti nægja í bili, so senda þér þessi orð bréflegs.

Ég veit, so af þessu muni Þér vera ljóst, hvað fyrir mér vakir og treysti Þér til hins bezta. Svo mun ég ónáða þig aftur innan skemms. Með beztu kveðjum, þinn einl.




Hafnarfj. lo. 7. '42.

Kæri borgarstj.etc.

Mé hefir enn ekki tekist að ná tali af forsætisráðherra, en þar sem ég var byrjsður á því fyrir kosningar að taka sumarfrí mitt verð ég að fara að komast úr bænum. Langar mig þá að ítreka við þig það, sem þú lofðir mér góðfúslega, að tala við ráðh. um mál mitt. En svo að þú getir betur séð, hvað fyrir mér vakir, leyfi ég mér að senda þér afrit af bréfi mínu, sem ég sendi í dag, og vænti þess, að þér finnist tillaga mín ekki fjarstæða.

Með öllum góðum óskum, þinn



Jón Sveinsson

cand. iur. fidm.

fv. *Bæjarstjóri.*

Akureyri 9. sept. 1942

Simat: 358 afritofan

19 Feima

## Herra borgarstjóri

Bjarni Benediktsson

Reykjavík

### Góði vin :

EKKI ÞA ÉG VEITINGU ENN FYRIR SKATTDÓMARAEMBÄTTINU.

Ég vildi nú helst fara að fá veitinguna, ef ég á að fá starfið. Annars held ég fast við, að ég fái bæjarfógeta-embættið síðar, ef ég vil, og það verður laust meðan Sjálfstæðisflokkurinn hefir stjórnaraðstöðu til að geta veitt það. Ég held fast við þau margendurteknu loforð, sem mér hafa verið gefin í því efni.

En hvað sem um bæjarfógetaembættið er að segja gagnvart mér, þá verðið bið að veita það góðum og áhrifaríkum Sjálfstæðismanni, áður en bið kænnske missið stjórnaraðstöðu til að geta gert það. Við höfum æði margir áhugamenn, bæði bænum og sýslunni, talað saman um þetta upp á síðakastið. Við megum ekki til þess vita, að Framsókn nái í þetta embætti handa einhverjum þeum flokksmanni, eins og t.d. Páli Hallgrímssyni, sem mun hafa loforð fyrir því frá þeirra hálfu, strax og þeir geta veitt það. Fái KEA hann fyrir tollstjóra, yfirskattaneftarmann og yfir önnur stöff, sem embættinu fylgja, er víst, að Sjálfstæðismenn þurfa ekki að hneppa sínum pólitísku hnöppum framar, hvorki hér í bænum né sýslunni, eða m.ö.o. fái Framsóknarflokkurinn mann í þetta embætti, ræður hann um ófyrirsjáanelgan tíma lögum og lofum bæði í bæ og sýslu, í pólitík og öðru. Sigurður Eggerz verður að láta af embættinu, áður en bið missið stjórnaraðstöðu til að geta veitt það Sjálfstæðismanni. Þið verðið eitthvað að gera fyrir karlinn, svo að hann verði ánægður, helst að lofa honum að bjóða sig

fram í kjördæmi, þar sem von er um að hann geti komist að, en pólítískum ítökum Sjálfstæðisflokksins hér í bæ og sýslu má ekki kasta á glæ. Þetta verðið bið í öllum bænum að athuga í tíma.

Nú er fyrirsjáanlegt, að kosningar fara fram að nýju í haust, og nú verðum við strax að fara að byrja að vinna og skipuleggja kosningarnar. Það dugar ekki að draga allt fram á síðustu stundu og koma þá til fólksins undirbúningslaust og biðja um atkvæði. Framsókn er þegar byrjuð að undirbúa kosninguna hér, en við gerum ekkert. Meðal okkar Sjálfstæðismanna hér á Akureyri er innbyrðis ósamkomulag, samvinna hefir enn ekki komist á meðal fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn. Sumir þeirra halda enn dauðahaldi í samvinnuna við KEA-menn, en slíkt verður að breytast. Við, sem erum eindregið á móti Framsókn og hinu mikla KEA-valdi, getum ekki hvað eftir annað gengið til kosninga í landsmálum með þeim mönnum, sem svívirða okkur og pikka á alla lund í bæjarmálum, og meira að segja verðum við að ganga fram fyrir skjoldu fyrir Sjálfstæðismenn, því hinir eru svoddan ræflar, að fáir málsmetandi menn taka mark á þeim. Miðstjórn flokksins verður að koma sáttum á, og það verður þegar í stað að fara að vinna að því, ella sigrar Villi hér með glans í haust. Þú sendir mér línu öllu þessu viðvígjandi. Og blessaður sjáðu nú um, að þessi mál komist öll í gegn.

Vertu blessaður og säll

Þinn einlægur

Jón Sveinsson

# Jón Sveinsson

cand. iur. hdm.  
fr. bæjarstjóri.

Símanum: 358 skrifstofan  
19 heima

Akureyri

21. okt. 1942

Bjarni minn!

Eg sendi þér afrit af bréfi Jakobs Möllers til míni, sem er talið dagsett 20/8 sl., en það er af einhverju gáleysi hjá Jakobi, því hann skrifaði það seinna, eða þegar ég var í Reykjavík á Sjálfstæðisþinginu, og svarbréfi mínu til hans, ágs. 11. p.m. Þen ég fæ ekki að heyra enn. Nú ætla ég að biðja þig að sjá um, að mér verði veitt þetta embætti án tafar, en forsögu þessa máls alla þekkir þú, svo að óparfi er að skýra þetta nánar. Eg vona aðeins, að ég eigi ekki enn eftir að verða fyrir vonbrigðum og brigðmælgi.

Kosningarnar hér fóru vel og eiginlega betur en ~~þáttumálfimist~~ á horfðist. En það gengur slakar hjá ykkur í Reykjavík. Það er nú meiri dugnaðurinn í ykkur að arga fylginu yfir á Kommúnistana. Þjóðólfsmenn ætla lítið nýtilegt starf að vinna. Þeir aðeins tvístra Sjálfstæðisflokknum, ná litlu af fylginu sjálfir, en auka fylgi Kommúnista-flokkssins með skrifum sínum og framferði. Eins og allt stendur vorkenni ég vini mínum, Árna frá Múla. Hefði hann getað dregið eitthvert aukafylgi að sínum lista, það var annað mál, en að geta ekki fengið nema sumt af því fylgi, sem dregst frá Sjálfstæðisflokknum, og sjá hitt hverfa yfir í herbúðir Kommúnista, það er aumt og illt hlutskipti. Hefðuð þið viljað lofa Árna að vera á Sjálfstæðislistanum og haldið honum góðum við blöðin, hefðuð þið fengið 5 þingmenn í Reykjavík, og aukið atkvæðamagn fyrir einu uppbótarsæti fleira en þið fáið. Eg þekki heimskuna og stífnina héðan af Akureyri.

Skrifaðu mér mjög fljótt.

Hinn einlægur

Jón Sveinsson

# Jón Sveinsson

cand. jur. hdm.  
fv. bæjarstjóri.

Símat: 358 skrifstofan  
19 heima

Akureyri 24. febr. 1942

Herra borgarstjóri  
Bjarni Benediktsson  
Reykjavík

Góði vin !

Eg sendi þér kosningablaðið okkar og fyrsta blaðið af "Norðanfara", svo að þú getir séð, hverjir hafa betur haldið á lofti Sjálfstæðisstefnunni við síðustu bæjarstjórnarkosningar, við eða hinir herleiddu. Þú lætur mig vita, hvernig þér líkar blaðið.

Annars sýnist mér Sjálfstæðisflokkurinn allur vera að grotna í sundur og er það ekki mótt von. Forsprakkarnir á þingi hafa fleygt sér í faðm Framsóknar og verður eigi annað séð en að þeir séu algerðar undirlægjur Framsóknar.

Við ætlum að halda þessu blaði út a.m.k. fram yfir næstu Alþingiskosningar. Ef félagið "Skjaldborg" gengur inn í Sjálfstæðisflokkinn, verður sá flokkur studdur eftir megni, en ef flokkurinn grotnar í sundur og klofnar, skaltu vera viss um, að blaðið fylgir þeim hlutanum, sem ekki gengur yfir til rauðu flokkanna eða vill gerast taglhnytingur þeirra í sérréttindapólítík, einræðisbrölti og hverskonar ódyggðum.

Eg sendi þér eftirrit af bréfi, sem ég skrifaði Jakob Möller. Þú athugar þetta sem þar ~~xxx~~ er sagt og þó enn betur það sem liggur þar á milli línanna, og kannske talfærir þú eitthvað af þessu við Jakob. Annars finnst mér hann vera orðinn eitthvað svo preklaus og viljalaus, að ég botna ekkert í honum.

Eg ætla að biðja þig að lesa grein mína í kosningablaðinu: "Hver verður efsti maður C-listans" og segja mér álit þitt um það mál.

Ekkert ætlar Jakob að gera í þessu skattstjóramáli ?

Skrifaðu mér nokkrar línur, ef þú mátt vera að.

Pinn einlægur

Jón Sveinsson